



Aðalfundur siglingaklúbbsins Pyts haldinn 10. Febrúar 2019

1. Gunnar Geir Halldórsson, formaður klúbbsins setti fundinn og bar upp tillögu um fundarstjóra og fundarritara. Stakk hann upp á Hrafnkell...formanni ÍBH og Árna Þór Hilmarssyni sem fundarritara. Það var samþykkt.
2. Hrafnkell tók við stjórn fundarins og þakkaði það traust sem honum væri sýnt. Tilkynnti þar næst að gengið yrði til dagskrár. Athugasemd barst úr sal frá Markúsi Elvari Péturssyni að liggja ætti fyrir framboð til stjórnar sem formaður klúbbsins staðfesti að væri rétt. Fundarstjóri las þá upp það ákvæði félagslaga klúbbsins sem vísað var til. Fundarstjóri bað um að framboð væru skriflega lögð fram og var orðið við því.
3. Skýrsla stjórnar. Formaður klúbbsins las upp skýrslu stjórnar sem einnig lá frammi í prentuðum eintökum.
4. Reikningar félagsins. Gjaldkeri Pyts Árni Geir Þórmarrsson flutti skýrslu um reikninga félagsins sem einnig lágu frammi í prentuðu formi.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Úr sal barst fyrirspurn um stöðu láns sem gjaldkeri og formaður svöruðu. Þá barst fyrirspurn frá Pétri Th Péturssyni um sjö milljónir sem getið er um í skýrslu um reikninga sem formaður svaraði. Pétur gerði einnig athugasemd vil tiltekinn aldur iðkenda í skýrslu stjórnar. Athugasemdin er tekin til greina og skýrsla stjórnar verður færð til samræmis. Þá gerði Pétur athugasemd við að annars siglingastarfs en barnastarfs og keppnum sé ekki gerð nægjanleg skil í skýrslunni. Í framhaldi af máli Péturs gerði gjaldkeri frekari grein fyrir sundurliðun útgjalda. Þar næst gerði Pétur að umræðuefni útgjöld vegna uppsetningar nýrrar kænugeymslu og hýsingu kappsiglingabátsins Skýjaborgarinnar sem er verið að gera upp.

Arnþór Ragnarsson bar upp fyrirspurn um hverjir séu í framboði til stjórnarstarfa. Fundarstjóri gerði grein fyrir frambjóðendum. Arnþór gagnrýndi því næst ýmis atriði í skýrslu stjórnar sem hann taldi ónákvæm eða villandi. Gerði síðan að umræðuefni smíði 3ja seglbáta í húsnæði klúbbsins á umliðnum árum. Þá gagnrýndi hann hversu langan tíma uppgerð Skýjaborgarinnar hafi tekið. Þá vék Arnþór Ragnarsson að tillögu í skýrslu stjórnar um formlega stofnun kajakdeildar. Taldi hann að kajakdeild hafi í raun verið starfrækt um þriggja ára skeið innan klúbbsins. Taldi hann einnig

klúbbinn óstarfhæfan vegna ástands í sal. Að lokum ásaði hann formann um að hafa valdið skemmdum á Wayfarer báti klúbbsins.

Formaður gerði því næst grein fyrir vinnu við Skýjaborgina og vinnu við smíði kænugeymslu. Síðan ræddi hann smíði þeirra seglbáta í einkaeign sem gerðir höfðu verið að umræðuefni. Þar næst greindi formaður frá hinum ýmsu kostnaðarliðum við smíði kænugeymslu. Varðandi kostnað sem til hefði fallið á umliðnum árum væri það ekki hluti af umfjöllun hans á þessum aðalfundi enda væru þetta allt upp í 13 ára gömul mál sem samþykkt hefðu verið á þeim tíma.

Arnþór tók enn til máls og gagnrýndi frestun Opnunarmóts kjölbáta og framkvæmd Íslandsmóts kjölbáta.

Pétur Th, tók þar næst til máls og gagnrýndi að útgjöld vegna smíði kænugeymslu hafi ekki verið lögð fyrir félagsfund. Einnig gagnrýndi hann uppgerð Skýjaborgar.

Jóhann Bertelsen bar upp fyrirspurn um öryggismál gagnvart kajakgeymslu og spurði hvort eftirlitsmyndavélar næðu þangað. Formaður svaraði að svo væri ekki.

Arnþór bar upp fyrirspurn um komu seglasaumara til klúbbsins og kostnað vegna þeirrar heimsóknar. Formaður greindi frá að heimsókn seglasaumarans hafi verið klúbbum að kostnaðarlausu.

Markús ræddi barnastarf og aðkomu sína að því. Einnig um geymslu kæna og útigeymslusvæði og aðstöðumun fyrir og nú. Þá gagnrýndi hann núverandi stjórn harðlega fyrir samskipti í kring um barnastarf og sér í lagi samskipti við formann klúbbsins. Síðan gagnrýndi hann nýafstaðna smíði á kænugeymslum og sagði hana vera skemmdarstarfsemi. Sagði hann fjárveitingar í þetta verkefni hafa verið skemmdarverkastarfsemi. Loks lýsti hann vantrausti á núverandi formann. Formaður bar af sér sakir og fjallaði um að það þyrfti að hafa samstarf við stjórn klúbbsins um ýmist framtak félaganna en því hefði Markús ekki haft fyrir. Markús fjallaði þá enn frekar um aðkomu sína að barnastarfinu og samskipti sín við formann. Einnig gagnrýndi hann formann harðlega vegna samskipta varðandi lán á gæslubáti til eftirlits vegna sjósunds og kajakmót. Vænda hann formann enn og aftur um skemmdarstarfsemi.

Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins voru því næst borin undir atkvæði og hvoru tveggja samþykkt með meirihluta atkvæða.

6. Fjárhagáætlun 2019 lögð fram. Formaður gerði grein fyrir áætluninni.

7. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar voru lagðar fram á þessum aðalfundi.
8. Kosning formanns. Kosningin var leynileg og félagar kvittuðu nöfn sín fyrir afhenta kjörseðla. Í framboði voru sitjandi formaður Gunnar Geir Halldórsson og mótframbjóðandi var Markús Elvar Pétursson. Atkvæði féllu þannig að sitjandi formaður hlaut 17 atkvæði en mótframbjóðandi 13 atkvæði. Eitt atkvæði var ógilt. Nafnalisti stefndi við atkvæðafjölda.
9. Kosning stjórnar. Þegar ljóst var að sitjandi formaður hafði hlotið meiri hluta atkvæða til áframhaldandi setu drógu 4 frambjóðendur framboð sín til baka. Þeir frambjóðendur sem eftir voru urðu því sjálfkjörnir en það eru Gunnar Freyr...son og Hörður.....son. Gjaldkeri og ritari þeir Árni Geir Þórmarrson og Árni Þór Hilmarsson hafa ekki lokið starfstíma sínum og sitja því áfram. Varamenn voru kjörnir Friðrik Hafberg og Magdalena Ásgeirsdóttir.
10. Félagsgjald. Formaður bar upp tillögu um óbreytt félagsgjald. Markús bar upp tillögu um að tekið verði upp fjölskyldugjald eins og áður hefði verið og ætti það að vera að fyrirmynd Brokeyjar. Þar sem tillaga Markúsar var talin ganga lengra var kosið um hana fyrst og hún samþykkt. Talsverðar umræður urðu um útfærslu á tillögu Markúsar. Stjórn mun vinna málið áfram en engar breytingar á upphæð félagsgjalds var ákveðin.
11. Skoðunarmenn reikninga. Lagt var til að sömu skoðunarmenn yrðu áfram. Það var samþykkt.
12. Fulltrúar á SÍL þing. Stjórn var falið að velja fulltrúa Þyts á þingið.
13. Önnur mál

Pétur Th Pétursson steig í pontu og hvatti féлага til að láta ekki neikvæð og niðrandi orð falla hver í annars garð. Hann rakti dæmi úr eigin reynslu. Því næst rakti hann starf sitt fyrir Þyt í gegn um árin. Því næst fjallaði Pétur um aðdróttanir í sinn garð vegna ákveðinna reikninga á þeim tíma sem hann gegndi formennsku í félaginu og tiltók sérstaklega verktökureikninga. Þá rakti hann aðkomu sína að framkvæmd flutninga á kænum frá Hafnarfirði til Akureyrar í tenglum við Íslandsmót kæna og aðkomu að barnastarfi á laugardögum. Þá fjallaði hann um hugmyndir sem hann hafi komið á framfæri við stjórn Þyts og bæjaryfirvöld en ekki náð fram að ganga. Sagði hann að svo virtist sem áhrif hefðu verið höfð á Geir Bjarnason, íþróttá- og tómsfundafulltrúa bæjarins í þá átt að koma í veg fyrir framgang sinna hugmynda.

Arnþór Ragnarsson fjallaði í stuttu máli um fjölgun meðlima félagsins og gaf í skyn að stjórn hefði ekki haft hvetjandi áhrif á fólk að ganga í Þyt. Gagnrýndi hann formann í því sambandi. Einnig gagnrýndi hann framkvæmd varðandi skilyrði skuldleysis á aðalfundi. Nokkrar umræður urðu um túlkun þessa ákvæðis í lögum Þyts. Gagnrýndi einnig að það vantaði ákvæði um að það bæri að ræða

efnislega um fjárhagsáætlun Þyts á aðalfundi. Þá ræddi Arnþór skipulagsbreytingar á svæði Þyts. Gerði að lokum siglinganámskeiðin að umræðuefni og mikilvægi báta eins og Wayfarer í unglingsstarfinu.

Karitas Guðmundsdóttir kynnti sig sem fulltrúa foreldra. Hún útskýrði að iðkendur og foreldrar þeirra hafi sérstaka fésbókarsíðu til að halda utan um sín samskipti. Bað hún klúbbfélaga um að láta það vera að setja inn á þá síðu umfjöllun um mál sem ekki vörðuðu málefni þau sem síðunni eru ætluð. Síðan greindi hún frá því hvað neikvæð ummæli sem sett voru þar inn höfðu haft mikil áhrif á börnin. Að lokum lét hún þess getið að foreldranna vegna mætti hækka æfingargjöldin ef það mætti verða til þess að tækist að halda úti þjálfara til að halda utan um þessi börn.

Þórður Helgason þakkaði Pétri Th Péturssyni gott starf á liðnum árum. Hann kvaðst hafa verið skoðunarmaður reikninga um margra ára skeið og lagði áherslu á að allar fjárframkvæmdir séu byggðar á nauðsynlegum samþykktum. Þá lagði hann til að nefnd yrði sett á fót sem hefði það verkefni að koma með tillögur og reglur um það sem bæta mætti í starfinu svo sem meðferð reikninga, samskiptareglur, siðareglur, reglur um notkun húsnæðisins, þrif, markmið klúbbsins ofl. Hann kvaðst bjóða sig fram í þessa nefnd og tilnefndi bróður sinn Daníel Helgason og Egil Kolbeinsson með sér í nefndina og Jökul Mar Pétursson sem varamann.

Gjaldkeri lýsti stuðningi við tillögu Þórðar. Pétur tók til máls og lýsti því yfir að hann myndi ekki láta sjá sig hér meðan Gunnar Geir væri formaður Þyts. Greindi síðan frá ýmsum framförum sem hann hefði komið á svo sem notkun gestabókar í anddyri, eyðublöð fyrir tillögur og fleira. Hann vísaði svo til þess að það þyrfti að koma upp handbók fyrir klúbbinn.

Tillaga Þórðar var því næst borin upp og samþykkt.

Markús steig í pontu og ræddi aðkomu sína að kjölbátasiglingum fullorðinna og svo að barnastarfinu. Síðan lýsti hann því yfir að hann sæi ekki ástæðu til að vinna að uppbyggingarstarfi fyrir klúbbinn meðan núverandi stjórn situr.

Arnþór tók til máls og tók undir orð Markúsar. Einnig þakkaði hann Jóni Rafni Sigurðssyni fyrir mikið og óeigingjarnt starf fyrir klúbbinn.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Fundinn ritaði Árni Hilmarsson.

